

Félagsmálaráðuneyti

Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 21.06.2020
2006080 RE

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt 26. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í fjölskylduráði Hafnarfjarðar þann 19. júní sl. og var sviðsstjóra falið að senda inn umsókn um frumvarpið í ljósi umræðna á fundinum.

Tekið er af heilum hug undir þau markmið frumvarpsins sem fram koma í 1.gr. þ.e. að fylgjast með velferð og farsæld barna, meta þörf fyrir þjónustu og bregðast við á skilvirkan hátt með samfelldri og samþættri þjónustu.

Hafnarfjarðarbær hefur síðustu misseri þróað verklag sem fellur afar vel að þeim áherslum og markmiðum sem fram koma í frumvarpinu. BRÚIN í Hafnarfirði hefur sömu markmið og áherslur og umrætt frumvarp. Fjölskylduráð Hafnarfjarðar fagnar því þeim áherslum sem fram koma í frumvarpinu sem styðja við þá vinnu sem hefur farið fram í sveitarfélaginu. Nokkur atriði er þó vert að benda á sem nauðsynlegt er að skýra og skerpa á.

Í III. Kafla frumvarpsins er fjallað um stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þar mætti skilgreina betur hvaða þjónusta fellur undir hvert stig fyrir sig og skýra betur. Hér er um mikilvæga áherslu að ræða þar sem bregðast á við og styðja við börn og fjölskyldur eins fljótt um kostur er og mikilvægt að skýrar línur séu fyrir hendi.

Eins og kemur fram hér að framan hefur verið unnið samkvæmt verklagi BRÚARINNAR í Hafnarfirði og lögð áhersla á samþættingu þjónustu við börn. Miðlun upplýsinga milli kerfa hefur verið talin heimil á grundvelli félagsþjónustulaga og á sú miðlun sér stað milli þjónustuaðila innan sveitarfélagsins. Gæta þarf að því að verði frumvarpið að lögum að slík samþætting og miðlun persónuupplýsinga verði heimil en ekki sett upp ný hindrun í samþættingu þjónustu í þágu barna sem gæti haft neikvæð áhrif á þá vinnu sem t.d. á sér stað í Hafnarfirði.

Fram kemur í frumvarpinu að starfrækja skuli svæðisbundin farsældarráð barna og skuli umdæmi þeirra ákveðin af ráðherra í reglugerð. Ekki kemur fram hver ber ábyrgð á ráðunum né hver ber kostnað af starfsemi þeirra. Þau skuli setja sér stefnu og framkvæmdaáætlun og gefa árlega út skýrslu um eftirfylgni stefnu og framkvæmdaáætlunar og skila til Gæða- og



HAFNARFJÖRÐUR

eftirlitsstofnunar velferðarmála og er heimilt að beita viðurlögum ef henni berast ekki gögn á tilsettum tíma. Gæta þarf að því að hér sé ekki verið að setja upp of umfangsmikið og þungt kerfi.

Lögð er áhersla á að samþætting í þágu farsældar barna þurfi að á ná til allra barna og fjölskyldna þeirra. Alltof oft vill það brenna við að til að mynda fötluð börn eru skilgreind fyrir utan barnaverndarkerfið og eiga þau ekki sama rétt til þjónustu í barnaverndarkerfinu og önnur börn. Markmið frumvarpsins að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þetta markmið þarf að nást og eru þar engin börn undanskilin.

Farsældarhugtakið hefur vakið upp vangaveltur en velferðarhugtakið hefur þótt ná vel utanum félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu.

Ljóst er að verulegur kostnaður hlýst af nýju og breyttu verklagi verði frumvarpið að lögum. Gera þarf ýtarlega kostnaðargreiningu og nauðsynlegt er að sveitarfélögin fái fjármagn til að standa undir þeim kostnaði að öðrum kosti verður ekki grundvöllur til að koma metnaðarfullum áherslum frumvarpsins í framkvæmd.

Að lokum vert lýsa yfir ánægju með framkomið frumvarp og þær áherslur sem þar koma fram. Mikil vinna liggur að baki frumvarpinu þar sem fjölmargir aðilar hafa fengið tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum og áherslum. Fulltrúar frá Hafnarfjarðarbæ komið að þeirri vinnu og er þakkað fyrir þá aðkomu.

Þegar frumvarpið verður að lögum er mikilvægt að fara í umfangsmikla kynningu og fræðslu um breytt vinnulag þannig að allir þeir sem vinna að velferð barna og fjölskyldna sé upplýstir um nýja nálgun og vinnulag.

Virðingarfyllt,
f.h. fjölskylduráðs Hafnarfjarðar
Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs